

Sp. 706. Tillaga til þingsályktunar [385. mál]
um flutning Rannsóknastofnunar landbúnaðarins til Hvanneyrar.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Jón Kristjánsson, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um flutning Rannsóknastofnunar landbúnaðarins til Hvanneyrar. Áætlunin taki mið af því að flutningi stofnunarinnar ljúki að sex árum liðnum.

Greinargerð.

Um flutning stofnunar almennt.

Að undanskildum áratugnum 1971 til 1980 hefur mikil byggðaröskun staðið yfir áratugum saman, þ.e. flutningar fólks frá landsbyggðinni til Suðvesturlands, aðallega til höfuðborgarsvæðisins. Við upphaf s.l. áratugar fór byggðaröskun að minnka og örfá ár, 1975–1979, ríkti að heita má fullt jafnvægi á milli landsbyggðarinnar sem heildar annars vegar og Suðvesturlands hins vegar. Á árinu 1980 snerist byggðaþróunin við og síðan hefur brottflutningur fólks frá landsbyggðarkjördæmunum verið mikill. Frá og með því ári til og með 1985 hafa Vesturland, Vestfirðir, Norðurlandskjördæmin, Austurland og Suðurland til samans tapað 4447 manns eða 4,8% íbúafjöldans 1979. Á s.l. ári samþykkti Alþingi lög um Bygðastofnun en sú stofnun hefur það hlutverk að vinna að betra jafnvægi í byggð landsins. Hins vegar eru ýmsar hugsanlegar byggðaþróunaraðgerðir utan áhrifasviðs Bygðastofnunar og í ýmsum tilvikum þarf að koma til kasta löggjafarvaldsins.

Í málefnasamningi vinstristjórnarinnar, sem tók við völdum 1971, var ákvæði um að stuðla skyldi að flutningi ríkisstofnana út á land. Forsætisráðherra, Ólafur Jóhannesson, skipaði þá nefnd sem fjalla skyldi um þetta mál. Í nefnd þessari áttu hinir ágætustu menn sæti. Nefnd þessi vann mikið starf og hún skilaði ítarlegu nefndarálitni á árinu 1975. Nefndarálitinu var stungið undir stól og þar hefur það verið síðan.

Segja má að þar hafi mikið verk farið fyrir lítið. Í þessu nefndarálitni er mörkuð stefna um dreifingu ríkisstofnana um landið á þrennan hátt, með *heildarflutningi*, þ.e. að stofnun

yrði í heilu lagi flutt frá höfuðborginni til staðar úti á landi, með *deildarflutningi*, þ.e. að meira eða minna sjálfstæðar deildir stofnana yrðu fluttar frá höfuðborginni út á land, og með *útibúastofnun*, þ.e. að sett yrði upp kerfi útibúa ríkisstofnana á ákveðnum stöðum úti á landi. Til þess að stuðla að rekstrarlegri hagkvæmni slíkra útibúa gerði nefndin tillögu um að komið yrði á fót *stjórnarsýslumiðstöðvum ríkisins* þar sem mörg útibú gætu verið saman undir einu þaki með sameiginlegan rekstur og skrifstofuhald. Að lokum lagði nefndin svo fram frumvarp til laga um flutningsráð ríkisstofnana.

Að mörgu leyti er þetta nefndarálit athyglisvert og er tímabært að draga það undan stólnum og dusta af því rykið.

Á bls. 30 í nefndarálitinu eru sett fram markmið þeirra aðgerða sem nefndin leggur til:

1. Stofnanaflutningur sé liður í almennum byggðaþróunaraðgerðum.
2. Stofnanaflutningur dragi úr miðstýringu, stuðli að dreifingu valds og leiði til aukins lýðræðis.
3. Stofnanaflutningur jafni aðstöðu þegnanna um allt land til að njóta þjónustu ríkisins.
4. Stofnanaflutningur leiði til fjölgunar íbúa landsbyggðarinnar og dragi úr þenslu höfuðborgarsvæðisins.
5. Stofnanaflutningur leiði til jafnari dreifingar atvinnutækifæra um landið með því að skapa sérmenntuðu fólki starfsgrundvöll utan Reykjavíkur.
6. Stofnanaflutningur styrki efnahagskerfi einstakra landshluta með því að auka viðskipti og framkvæmdir innan þeirra og fjármagnsstreymi frá miðstöðvarsjóðum ríkiskerfisins.
7. Stofnanaflutningur dragi úr húsnæðiskröfum í miðbæjarhverfum Reykjavíkur og geri þannig skipulagsvandamál höfuðborgarinnar á því sviði minni en ella.
8. Stofnanaflutningur leiði ekki til lakari virkni stjórnkerfisins heldur stuðli að meiri hæfni og betri þjónustu einstakra hluta þess.
9. Stofnanaflutningur skerði ekki starfsgetu stofnunar þótt tímabundnir erfiðleikar séu eðlilega oft samfara slíkri breytingu.
10. Stofnanaflutningur hafi aðeins minni háttar kostnaðarauka í för með sér og helst meiri hagkvæmni fyrir þjódarheildina vegna ódýrari og fljótvirkari samskipta þegnanna við ríkiskerfið.

Flutningur Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Nefndin gerði tillögu um flutning nokkurra ríkisstofnana í heild út á land og sjálfsagt orka sumar af þessum tillögum tvímælis.

Ein þeirra stofnana, sem nefndin gerði tillögu um að flutt yrði til „Borgarfjarðarsvæðisins“ var Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Við þá tillögugerð mun nefndin hafa haft í huga að á Hvanneyri er búnaðarskóli og háskólakennsla í búvísindum og þar eru stundaðar landbúnaðarrannsóknir. Skammt frá Hvanneyri er svo tilraunabú ríkisins að Hesti.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins er miðpunktur í umfangsmiklu kerfi rannsókna og tilrauna- og ráðgjafarstarfsemi á vegum landbúnaðarins. Þetta kerfi hefur vitaskuld þjónað landbúnaðinum vel og að verulegu leyti hefur það verið forsenda hinna miklu tækniframfara sem orðið hafa í íslenskum landbúnaði undanfarin ár og áratugi. Hins vegar eru margir þeirrar skoðunar og hafa fundið fyrir því að Rannsóknastofnun landbúnaðarins tengist ekki nógu vel tilraunastarfsemi úti á landi né ráðgjafarstarfsemi. Að frumkvæði stjórnar RALA hefur sérstök nefnd að undanfögnu fjallað um þessi mál og hefur hún endurskoðað lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, þann kafla sem fjallar um Rannsóknastofnun landbúnaðarins, og samið drög að frumvarpi. — Í niðurstöðum nefndarinnar er að því vikið að í meginatriðum þurfi breytingar að beinast að eftirtöldum markmiðum:

- „1. Að tengja betur rannsóknir og þróunarstarfsemi í landbúnaði við þarfir atvinnuvegarins á hverjum tíma og auka þátttöku hans í ákvörðunum um val verkefna og fjármögnun þeirra.

2. Að auka sveigjanleika rannsókna til að mæta nýjum þörfum.
3. Að auka gæði og virkni rannsókna.
4. Að auka samræmingu í vali rannsóknarverkefna og tryggja heildarsýn yfir þau.
5. Að auka tengsl rannsóknarstarfsemi við leiðbeiningarþjónustu, búnaðar- og garðyrkju-skóla og búnaðarsamtök.

Stefna þarf að aukinni samvirkni milli þeirra sem vinna að rannsóknum annars vegar og hins vegar þeirra sem nota niðurstöðurnar í búrekstri eða kenna og leiðbeina í landbúnaðargreinum. Á þann hátt fengi rannsóknarstarfsemin meira hvetjandi umhverfi en verið hefur og samstarf milli aðila málsins ætti að aukast. Þannig ættu fjármunir og sérþekking að geta nýst betur en nú er.“

Margt bendir til þess að Rannsóknastofnun landbúnaðarins, sem nú er á höfuðborgar-svæðinu, hafi haft tilhneigingu til að verða einangruð vísindastofnun, nokkuð vel tengd Háskóla Íslands en mun lakar tengd þeim vettvangi sem hún á að þjóna. Tengslin við Háskólann eru góðra gjalda verð og nauðsynleg. En tengsl við landbúnaðinn sjálfan og við fræðslustarfsemi á hans vegum er mun mikilvægari. Hvanneyri, fyrir miðju landbúnaðarhéraði, er í eðli sínu mun eðlilegra umhverfi fyrir vísindastofnun landbúnaðarins en malarhólar ofan Reykjavíkur. Og með því að gera Hvanneyri að aðsetri vísinda, fræða, rannsókna og tilraunastarfsemi á vegum landbúnaðarins eignast íslenskur landbúnaður faglega miðstöð sem stenst samjöfnuð við hverja slíka sem er í öðrum löndum.

Vandalaust er að benda á hagkvæmni í því fölgna að reka vísindastarfsemina og kennsluna saman. Fullkomin tengsl komast á milli Rannsóknastofnunarinnar annars vegar og verðandi bænda, ráðunauta og búvísindamanna hins vegar. Þannig gæti flutningur RALA til Hvanneyrar, ef rétt er að honum staðið, einmitt bætt úr þeim annmörkum sem menn hafa fundið á starfsemi stofnunarinnar í þágu landbúnaðarins. Tengsl við Háskóla Íslands þurfa alls ekki að rofna því að í reynd hefur vegalengd á milli Hvanneyrar og Reykjavíkur styst til muna hin síðari ár síðan stofnanaflutningsnefndin skilaði álitu sínu. Meginhluti vegarins til Reykjavíkur hefur nú verið lagður bundnu slitlagi og þeir malarkaflar, sem enn eru á þessari leið, munu á næstu árum verða lagðir slitlagi. Verður þá þægilegur 90 mínútna akstur frá Hvanneyri til Reykjavíkur. Auk þess mætti vel hugsa sér í tímans rás að Háskólinn tæki upp nokkra starfsemi á Hvanneyri í skjóli þeirrar miðstöðvar sem þar væri risin.

Að síðustu skal bent á að búvísinda- og rannsóknamiðstöð á Hvanneyri getur styrkt framhaldsskólakerfi Vesturlands mjög mikið og gert því mögulegt að bjóða upp á sérhæfðar námsbrautir sem byggja á þeirri aðstöðu sem yrði á Hvanneyri.

Flutningur Rannsóknastofnunar landbúnaðarins til Hvanneyrar stenst afar vel það próf sem felst í markmiðunum tíu sem stofnanaflutningsnefndin setti með flutningi ríkisstofnana og rakin eru hér að framan og getur ekki síður þjónað þeim markmiðum sem RALANefndin setti fram.

Stofnun verður ekki pakkað saman og hún flutt í annan landshluta án fyrirvara. Stofnun er annars vegar starfsfólk hennar og hins vegar þær fasteignir og aðstaða sem byggð hefur verið upp. Ekki liggur fyrir að allt starfsfólk hafi aðstöðu eða vilja til að fylgja stofnuninni á nýjan stað. Þeir, sem ekki vilja flytja sig um set, þurfa að fá nægan tíma til að útvega sér önnur jafngóð störf og sjálfsagt er að aðstoða fólk með það. Ný mannvirki og aðstaða verður að koma til fyrir stofnunina á hinum nýja stað og koma verður byggingum og landi syðra í verð. Auk þess standa yfir tilraunir sem taka mun nokkur ár að láta renna sitt skeið. Flutningur Rannsóknastofnunar landbúnaðarins til Hvanneyrar tæki óhjákvæmilega nokkur ár. Tillagan felur í sér að ákvörðun verði tekin sem fyrst um að RALA verði á Hvanneyri og er þá gert ráð fyrir að strax verði farið að skapa aðstöðu fyrir stofnunina þar og að ákveðnir þættir starfseminnar, sem nú eru syðra, verði fljótlega fluttir. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að flutningi ljúki á næstu sex árum. Ef nauðsynlegt reynist er að sjálfsögðu hægt að hnika til þeim tíma.